# ÞEMAVIKA FERMINGARBARNA

Á hverju ári stendur Glerárkirkja fyrir þemaviku fermingarbarna. Þá vikuna er fjölbreytt valdagskrá í boði fyrir áhugasöm fermingarbörn. Þema ársins í ár er: **„Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra".** Boðið er upp á þrjár samverur í vikunni í kringum mánaðarmótin janúar - febrúar auk þess sem að sunnudagurinn 5. febrúar er smiðjudagur, þar sem boðið er upp á dagskrá allan daginn.

Þemavikunni er ætlað að gefa þeim sem fermast í vor tækifæri til að upplifa fleiri hliðar á kirkjustarfinu og kirkjubyggingunni, kynnast fleiri einstaklingum sem starfa í kirkjunni og auka áhuga þeirra á safnaðarstarfinu. Þátttaka er valfrjáls, en foreldrar eru beðnir að hvetja börn sína til þátttöku.

## 31. JANÚAR

Þemavika hefst. Dagskrá í boði frá 16:30 til 18:30. Þennan dag ætlum við að mála á vegg í safnaðarheimilinu, en eitt af verkefnunum í þemavikunni er að mála listaverk beint á vegg í safnaðarheimilinu. Hér er um táknrænan gjörning sem á að undirstrika að fermingarbörnin eiga líka safnaðarheimilið. **Nánari upplýsingar gefur Pétur Björgvin djákni, s. 864 8451.**

## 01. FEBRÚAR

**DANSSMIÐJA** frá 16:30 til 18:30. Komdu og dansaðu með.

## 03. FEBRÚAR

**LEIKLISTARSMIÐJA** frá 16:30 til 18:30. Heldur áfram á sunnudag frá 13:00 til 17:00.

## 05. FEBRÚAR

**Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11:00** - Hljómsveitin Tilviljun? sér um tónlistina. Léttur hádegisverður fyrir fermingarbörn á eftir. **Smiðjur frá 13:00 til 17:00.** Um kvöldið er guðsþjónusta sem fermingarbörnin sjá um ásamt hljómsveitarmeðlimum úr Tilviljun? og hefst hún kl. 20:00.